



Mats- og hæfisnefnd skv. Reglugerð nr. 476/2015

Reykjavík 23.7. 2019

Landlæknisembættið,
Barónsstíg 47, 101 Reykjavík.

Heilbrigðisráðuneytið,
b.t. Guðrún W. Jensdóttir, lögfræðingur,
Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík,

Varðandi: Viðurkenningu á hæfi Kvennadeildar á Kvenna- og barnasviði Landspítala-háskólasjúkrahúss til að bjóða sérnám í fæðinga- og kvensjúkdómafræði (e. obstetrics and gynecology).

Með vísan til 7., 8. og 15. gr. reglugerðar nr. 467/2015 um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði þess að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi, svo og til starfsreglna nefndarinnar sem staðfestar voru af heilbrigðisráðherra 28. júní 2016, var á fundi mats- og hæfisnefndar þann 21.05. 2019 ákveðið að viðurkenna með formlegum hætti sérnám í fæðinga- og kvensjúkdómafræði sem fara mun fram á Kvennadeild Kvenna- og barnasviðs Landspítalans, og eftir atvikum tengdum deildum og stofnunum utan spítalans þar sem samvinna er við Kvennadeildina og sem viðurkenndar hafa verið formlega til að taka þátt í námsferlinu. Nefndin skal samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar meta hæfi heilbrigðisstofnunar eða deildar heilbrigðisstofnunar til að öðlast viðurkenningu sem kennslustofnun fyrir slíkt sérfræðinám.

Ákvörðunin var tekin með hliðsjón af endurskoðaðri marklýsingu dags. 13.03.2019, sem byggir á breskum leiðbeiningum um sérnám í fæðinga- og kvensjúkdómafræði (marklýsingu/námsskrá) og fengin er með leyfi frá samtökum breskra fæðinga- og kvensjúkdómalækna, Royal College of Obstetricians and Gynaecologists (RCOG). Um er að ræða annars vegar tveggja til þriggja ára upphafssérnám hér á landi (RCOG Core Basic Training). Yrði náminu þá lokið erlendis með hliðsjón af ákvæðum reglugerðarinnar. Marklýsingin tekur þó einnig til seinni ára sérnámsins og gert er ráð fyrir þeim möguleika að sérnámslæknar geti haldið námi áfram á Íslandi og eftir atvikum lokið því með hliðsjón af marklýsingunni.

Mats- og hæfisnefnd hafði eftir endurskoðun á íslenskum inngangstexta fallist á þetta fyrirkomulag og kynnt sér úttekt fulltrúa RCOG á sérnáminu. Nám og kennsla hófst í janúar 2018 með hliðsjón af marklýsingunni. Marklýsingin er meðfylgjandi (rafræn sending).


Mats- og hæfisnefndin hefur rætt við forsvarsmenn og kennslustjóra námsins og fengið umsagnir stjórnar Félags íslenskra fæðinga- og kvensjúkdómalækna (FÍFK), framkvæmdastjóra lækninga á Landspítalanum, forstöðumanns fræðasviðsins í fæðinga- og kvensjúkdómalækisfræði við Læknadeild Háskóla Íslands og umsögn Embættis Landlæknis, með tilvísan í 3. mgr., 15. gr. reglugerðar nr. 467/2015. Þrír fulltrúar frá RCOG höfðu gert úttekt á Kvennadeild Landspítalans sem námsstað í nóvember 2017, en áður hafði úttekt verið gerð í desember 2013 af fulltrúum European Board and College of Obstetrics and Gynecology (EBCOG) og viðurkenning veitt af þeim samtökum. Formaður mats- og hæfisnefndar fylgdist með úttektarferlinu í báðum tilvikum og nefndin hefur kynnt sér stöðu námsins nú. Meðfylgjandi er lýsing á úttekt RCOG, og er nú send Landspítalanum, Heilbrigðisráðuneytinu, Landlæknisembættinu og öðrum með beina aðild að náminu til kynningar. Viðmið nefndarinnar vegna mats á námsstað taka mið af dönskum og breskum/evrópskum vinnuvenjum og reglum varðandi úttektir á námsstöðum. Í matinu er fjallað um námsaðstæður, þ.m.t. mönnun, umfang og inntak starfseminnar á Kvennadeild Landspítalans, vinnufyrirkomulag, faglega fundi, kennslu, námstækifæri og leiðsögn sem námslæknar fá, auk samvinnu við aðrar stofnanir og deildir spítalans og önnur skyld atriði. Athugasemdir frá mats- og hæfisnefnd og umsagnaraðilum hafa verið kynntar forsvarsmönnum námsins.

Nefndin samþykkir hér með marklýsinguna og viðurkennir Kvennadeild á Kvenna- og barnasviði Landspítala sem kennslustofnun í þessari sérgrein læknisfræðinnar. Upphafssérnámið er miðað við árlega inntöku allt að 5 sérnámslækna. Námið er samkvæmt 8. gr. reglugerðarinnar á ábyrgð framkvæmdastjóra lækninga á Landspítala. Viðurkenningin tekur ekki til náms í undirsérgreinum. Sérnáminu mundi ljúka skv. ákvæðum reglugerðar nr. 467/2015 með síðari breytingum/viðbótum.

Endurmat þessarar viðurkenningar skal skv. reglugerð 467/2015 fara fram eigi síðar en að fjórum árum liðnum, þ.e.a.s. haustið 2023, en verður væntanlega endurskoðað á árinu 2020, m.a. með tilliti til úttektar á sérnámsstaðnum af hálfu nefndarinnar og framgangs í átt að fullu sérnámi.

Yfirlit yfir viðurkenndar heilbrigðisstofnanir og marklýsingar skal með tilvísan í reglugerðina, birta á heimasíðu Embættis Landlæknis.

Virðingarfyllst, f.h. mats- og hæfisnefndarinnar,



Reynir T. Geirsson, próf. em.,

Formaður mats- og hæfisnefndar skv. reglugerð nr. 467/2015.

Afrit:

Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga, Landspítala

Hrund Scheving Thorsteinsson, deildarstjóri, menntadeild, Landspítala

Linda Kristmundsdóttir, framkvæmdastjóri Kvenna- og barnasviðs, Landspítala

Arnfríður Henrýsdóttir, kennslustjóri, Kvennadeild, Landspítala

Þóra Steingrímsdóttir, prófessor/yfirlæknir og forstöðumaður fræðasviðsins fæðinga- og kvensjúkdómafræði, Læknadeild Háskóla Íslands

Hulda Hjartardóttir, yfirlæknir, Kvennadeild, Kvenna- og barnasviði, Landspítala

Kristín Jónsdóttir, yfirlæknir, Kvennadeild, Kvenna- og barnasviði, Landspítala

Alexander Smáráson, prófessor/yfirlæknir, formaður Félags íslenskra fæðinga- og kvensjúkdómalækna

Engilbert Sigurðsson, prófessor, deildarforseti Læknadeildar Háskóla Íslands

Reynir Arngrímsson, formaður, Læknafélagi Íslands

English translation/adaptation:

Reykjavík 23.7.2019

Directorate of Health

Barónsstíg 47, 101 Reykjavík

Ministry of Health

c/o Mrs. Guðrún W. Jensdóttir, ministry lawyer,

Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík

Re.: Accreditation of the Department of Obstetrics and Gynecology, Division of Women's and Children's Services, Landspítali University Hospital, Reykjavík, to provide specialist education in obstetrics and gynecology.

With reference to articles 7., 8. and 15. in the Ministerial Directive nr. 467/2015 on the education, rights and duties of physicians and the requirements for obtaining general medical licence and specialist recognition in Iceland, as well as with reference to the working rules for the Evaluation and Accreditation Committee (EAC), officially approved by the Minister of Health on 28. June 2016, the EAC hereby declares that at the committee meeting 21.5. 2019 it was decided to grant accreditation for a 2-3 year introductory or core/basic specialist training program in obstetrics and gynecology at the Department of Obstetrics and Gynecology/Women's Clinic, Division of Women's and Children's Services, Landspítali University Hospital (LUH), Reykjavík. The EAC has in line with requirements of the Directive nr. 467/2015 to assess the suitability of relevant educational institutions to be accredited for such a specialisation program in medicine in Iceland in conformity with European Union regulation nr. 2005/36/EB (<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=celex%3A32005L0036>).

The decision to accredit was taken with reference to the educational guideline (curriculum) for obstetrics and gynecology from the UK Royal College of Obstetricians and Gynaecologists (RCOG), which the committee had considered before for specific adaptation and use in Iceland. The program commenced at LUH in January 2018 and has been revised and improved since. The program is set up with permission in line with the RCOG Core Basic Training program. Members of the RCOG visited the Department of Obstetrics and Gynecology at LUH in November 2017 and discussed the program, its execution and the facilities with those in charge of the program, as well as with representative educational supervisors and trainees.


A copy of this report is sent to the Ministry of Health, the Icelandic Directorate of Health and other relevant bodies/officials for information. The EAC uses Danish, British and European guiding principles for the accreditation process, in this case also based on the RCOG accreditation visit. The RCOG and the Icelandic EAC consider facility adequacy, i.a. in terms of manpower, workload, nature of the daily work conducted in the Department of Obstetrics and Gynecology, as well as teaching methods, professional

meetings, practical learning opportunities, supervision of training, trainee evaluation and other related training aspects.

The Icelandic EAC thus approves of the Department of Obstetrics and Gynecology/Women's Clinic within the Division of Women's and Children's Services as an educational institution for a 2-3 year Core/Basic training program in obstetrics and gynecology, potentially extendable for full specialist training. The program is run within the responsibility domain of the Chief Medical Officer at Landspítali University Hospital in accordance with article 8 of Directive 467/2015. The accreditation does not extend to any subspecialist aspects of obstetrics and gynecology. Renewed accreditation will have to be done according to the stipulations of directive 467/2015 not later than in 4 years time, but re-evaluation will be conducted not later than in the year 2020.

An overview of approved and accredited specialist education in medicine must be published on the homepage of the Directorate of Health (www.landlaeknir.is).

On behalf of the EAC,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Reynir T. Geirsson', written in a cursive style.

Reynir T. Geirsson, prof. em.,

Chairman of EAC by Directive nr. 467/2015.